

*Vidauki með þjónustusamningi mennta- og
menningarmálaráðuneytis og Listaháskóla Íslands*

22.06.2012

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Lagaheimildir og forsendur.....	3
1.2	Samskiptahættir.....	3
1.3	Stefna og áherslur Listaháskóla Íslands.....	3
2	Hlutverk og starfsemi Listaháskóla Íslands.....	4
2.1	Nám og kennsla.....	4
2.2	Deildir og námsbrautir.....	6
2.3	Framvinda og ástundun náms.....	7
2.4	Námsmat og lokaverkefni.....	7
2.5	Starfsfólk og kennarar.....	8
2.6	Rannsóknir.....	9
2.7	Nemendur.....	11
3	Áherslur í daglegu starfi.....	12
3.1	Samvinna og samkeppni.....	12
3.2	Tengsl við atvinnulíf og samfélag.....	13
3.3	Alþjóðlegt samstarf.....	13
3.4	Þverfaglegt starf.....	14
4	Innra starf og gæðastýring.....	15
4.1	Gæðastarf.....	15
4.2	Þjónusta.....	15
4.3	Húsnæði og sérhæfð aðstaða.....	16
4.4	Siðferði og ábyrgð.....	17
5.	Stjórnun, skipulag og fjármál.....	18
5.1.	Stjórnun og skipulag.....	18
5.2	Fjármál.....	19
6	Megináherslur, markmið og framtíðarsýn til 2015.....	19
7	Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og hæfniviðmið.....	22
7.1	Samstarf.....	22
7.2	Upplýsingagjöf og lykiltölur.....	22
7.3	Aðgangsviðmið.....	22
8	Viðaukar.....	22
8.1	Námsbrautir og prófgráður við LHÍ.....	23
8.2	Samstarfsskólar.....	23
8.3	Lykiltölur.....	23
8.4	Innleiðing aðgangsviðmiða LHÍ.....	24

Viðauki með þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Listaháskóla Íslands (LHÍ)

Viðauki þessi við þjónustusamning Listaháskóla Íslands við mennta- og menningarmálaráðuneytið lýsir helstu þáttum í starfsemi Listaháskóla Íslands og þeim áherslum sem skólinn sjálfur vill leggja fram.

Ráðuneytið og Listaháskóli Íslands munu, á árinu 2012, vinna að sameiginlegum viðfangsefnum og skilgreina helstu markmið skólans og tengsl markmiðasetningar við lykiltölur (kaflar 7.2 og 8.3) og frágangi skilgreininga á aðgangsviðmiðum (kaflar 7.3 og 8.4).

Þegar því verki er lokið verður viðaukinn endurskoðaður og uppfærður.

1 Inngangur

1.1 Lagaheimildir og forsendur

Samkomulag þetta er hluti af gr. 1.6 í þjónustusamningi milli aðila sem dagsettur er 22.06.2012. Tilgangur þess er að kveða nánar á um áherslur og sameiginleg markmið en gert er í þjónustusamningnum sbr. c-lið 2. mgr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Auk þess kveður samkomulagið nánar á um samskipti og upplýsingamiðlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins (ráðuneytis) og Listaháskóla Íslands (LHÍ) en gert er í 5. og 7. grein þjónustusamningsins. Miðað er við að fulltrúar ráðuneytis og LHÍ yfirfari samkomulagið á sameiginlegum fundum um þjónustusamninginn og endurskoði einstök atriði til samræmis við þróun mála og sameiginlega niðurstöðu um breyttar áherslur og markmið. Samkomulagið verður því þróað og endurskoðað á samningstímabilinu. Hluti af eftirfylgni samkomulagsins mun felast í þróun aðferða við að meta árangur skólans við alþjóðleg viðmið í háskólastarfsemi. LHÍ velur sér háskóla sem hann helst vill bera sig saman við.

Samkomulagið hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

1.2 Samskiptahættir

Þær meginreglur munu gilda áfram í samskiptum ráðuneytis og LHÍ að unnið sé í góðri trú og að traust ríki. Umfjöllun sé málefnaleg og vinnulag einkennist af gegnsæi og skjótum viðbrögðum. Lögbundið sjálfstæði háskólans og hlutverk ráðuneytisins sé virt. Samvinna sé eftir föngum um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt í hvívetna.

Ráðuneytið boðar til funda um þjónustusamninginn. Dagskrá funda skal liggja fyrir með fyrirvara, en á þeim skal meðal annars taka fyrir framkvæmd samnings og þessa samkomulags, forsendur og framvindu með tilliti til markmiða, áætlana um framkvæmd innra og ytra gæðamats ásamt eftirfylgni auk upplýsinga sem taka skal saman samkvæmt samningnum.

1.3 Stefna og áherslur Listaháskóla Íslands

Í þessum kafla samkomulagsins er lýst markvissri stefnumótun um framþróun í starfsemi LHÍ þannig að hann þjóni sem best hlutverki sínu fyrir atvinnulíf og samfélag, í samræmi við stefnu skólans.

Listaháskólinn lítur á það sem hlutverk sitt að efla framsækna hugsun í listum og menningu og örva hvers konar nýsköpun og þróun á öllum sviðum. Skólinn veitir listmenntun á háskólastigi og miðlar til samfélagsins þekkingu og fagmennsku í listum.

Skólinn skilgreinir sig sem samfélag nemenda, fræðimanna, kennara og annar starfsmanna þar sem jafnræði og virðing ríkir í öllum samskiptum. Hann starfar í alþjóðlegu umhverfi og miðar sig við þá skóla í nágrennalöndunum sem þykja skara fram úr í listrænum efnum.

Stefna:

- Skólinn býður uppá menntun til bakkalárgráðu á helstu sviðum lista og byggir upp meistaranám á þremur sviðum: listsköpun í einstökum listgreinum, listkennslu og miðlun, og þverfaglegu listnámi.
- Skólinn eflir rannsóknir í listum og lætur sig jafnframt varða rannsóknir þar sem listin sjálf getur verið efniviðurinn og miðillinn um leið.
- Listaháskólinn hvetur til frumkvæðis kennara og nemenda til sjálfstæðrar listsköpunar, og veitir þeim þann aðbúnað og stuðning sem forsendur starfseminnar leyfa.
- Skólinn nýtir ávinninginn af sambýli ólíkra listgreina til að tengja nemendur og kennara í verkefnum.
- Skólinn beitir sér fyrir framförum á sviði lista, tekur frumkvæði í umræðu um mennta- og menningarmál, setur upp sýningar og margvíslega listviðburði sem opnir eru almenningi og á samstarf við stofnanir, félög og einstaklinga um allt land.
- Skólinn leggur áherslu á að akademískir starfsmenn hans séu starfandi listamenn eða fræðimenn og að sköpuð verði öflug tengsl við atvinnu- og listalíf.
- Skólinn miðlar upplýsingum og þekkingu um listir og menningu til almennings og gefur starfandi listafólki tækifæri til að bæta við og endurnýja þekkingu sína.
- Skólinn á í samstarfi við aðra íslenska háskóla til að nýta margskonar þekkingu, efla kynni nemenda og kennara og auka fjölbreytni í námi.
- Skólinn starfar á alþjóðlegum grundvelli með víðtæku samstarfi, nemenda- og kennaraskiptum og með þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum.

2 Hlutverk og starfsemi Listaháskóla Íslands

Listaháskólinn er miðstöð æðri listmenntunar á Íslandi. Hann er með viðurkenningu stjórnvalda á fræðasviði *lista*. Skipulag náms er grundvallað á Bologna - viðmiðum Evrópuríkjanna. Skólinn hefur tvisvar á síðustu fjórum árum gengist undir hlutlaust ytra gæðamat eftir þeim viðmiðunum sem gerð eru alþjóðlega til listnáms á æðri menntastigum. Núgildandi stefna nær yfir tímabilið 2008 til 2012, og er nú unnið að endurnýjun hennar. Listaháskólinn er skóli allra listgreina. Hann er einstakur á alþjóðavísu að því leyti að námsframboð er afar fjölbreytt en nemendur eru hlutfallslega fáir.

Listaháskólinn er eini háskólinn á fræðasviði *lista* á Íslandi og hefur því víðtæku hlutverki að gegna gagnvart landsmönnum. Skólinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og miðar sig við þá skóla í nágrannalöndunum sem þykja skara fram úr í kennslu og miðlun þekkingar á sviðum lista.

Þrjú *mejingildi* eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi og viðfangsefnum skólans. Þau eru *forvitni*, *skilningur* og *áræði*. Gildin tengjast þannig, að það er af *forvitni* sem við spyrjum og leitum nýrra leiða, lausna og svara; við brjótum svörin til mergjar og leitum *skilnings* á því sem ókunnugt er; þannig eflum við með okkur *áræði* til að fylgja eftir sannfæringu okkar og listrænni sýn.

Listaháskólinn kynnir sig sem vettvang fyrir nútímalega listsköpun og samfélag þar sem áhersla er lögð á að skerpa sköpunargáfu nemenda. Með starfsemi sinni vill hann taka virkan þátt í þjóðlífinu og tengja um leið íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista og menningar með fjölbreyttum nemendahópi og samstarfi við erlenda listaháskóla.

Í greinunum hér á eftir er lýsing á skipulagi, starfsemi og almennum áherslum skólans.

2.1 Nám og kennsla

Listaháskólinn hefur á þeim tólf árum sem hann hefur starfað byggt upp bakkalárnám í helstu greinum lista, og kennsla er hafin á meistarastigi á þremur brautum. Rannsóknir og þróun eru vaxandi þáttur í starfi skólans og kennarar og starfsfólk eru virkir þátttakendur í innlendum og alþjóðlegum list- og rannsóknarverkefnum. Auk

Þess miðlar skólinn þekkingu um listir og menningu til fagfólks og almennings með opnum fyrirlestrum, tónleikum, sýningum, listkynningum og fræðikynningum, málþingum og útgáfu. Listaháskólinn starfrækir eina sérfræðibókasafn á sviði lista á Íslandi.

Nám í Listaháskólanum er tvönn konar: nám í *listum* og nám í *listkennslu og miðlum*. Nám í *listum* greinist eftir listgreinum en *listkennslan og miðlunin* byggir á samþættingu kennslufræði og listþekkingar. Skólinn beitir sér fyrir þverfaglegu starfi og nýtir sér einstaka möguleika sína til faglegs starfs þvert yfir listgreinar. Staðsetning skólans á mismunandi stöðum í borginni setur skólanum þar takmörk sem erfitt er að yfirstíga.

Viðfangsefni menntunarinnar eru skilgreind í fjóra meginþætti, þ.e. *þekkingu, sköpun, skilning, og leikni*, og taka skilgreiningar á námsviðmiðum mið af þeim. Lögð er megináhersla á að nemandinn geti hugsað og starfað sjálfstætt, og hafi þá kunnáttu og leikni til að bera að hann geti starfað sem atvinnumaður í sinni grein.

Listnáminu má skipta gróflega í þrjá meginþætti, þ.e. vinnustofunám, fræðináám, og tækni. Í höfundanámi, s.s. í sjónlistum og tónsmíðum, er þetta hlutfall nálægt því að vera samsett þannig að um helmingur námsins er í vinnustofum, um þriðjungur er fræðináám, og svo um fimmtungur tæknináám. Í greinum listflutnings eru þessi hlutföll breytilegri, en megináherslan er þar á þjálfun einstaklingsins með eigin líkama, s.s. í leikaranámi eða söng, eða tæknipjálfun á afmörkuðu sviði, s.s. í hljóðfæraleik. Í fræðináminu fléttast þræðirnir til allra annarra þátta námsins, og skapar það aukna meðvitund hjá nemandanum um eðli og samsetningu verkefnanna sem við er að fást.

Afrakstur nemenda birtist í kynningum og sýningum, tónleikum eða útgáfu. Þar getur verið um að ræða verk af fjölbreytilegasta toga, s.s. dans, gjörninga, leikflutning, tónlistarflutning, módelgerð, kvikmyndir, bókverk, skúlptúra, teikningar, málverk, plaköt, skilti, tímarit, fatnað, o. m. fl. Nemendur fá stuðning á verkstæðum skólans til að útfæra verkin, og þeir nýta sér ólík rými og tæknibúnað til að sýna þau eða birta með öðrum hætti.

Kennslan er mjög einstaklingsbundin enda í langflestum tilfellum kennt í fámennum hópum. Í einstökum greinum er byggt að stórum hluta á einkakennslu og einkaleiðsögn. Hlutfall kennslu af vinnutíma nemandans er mjög hátt. Þá fá nemendur stuðning í formi óbeinnrar kennslu á verkstæðum skólans, og í fjölbreyttri þjálfun sem sérsvið þeirra krefst. Fræðikennslan fer oftast fram í fyrirlestrum og umræðutímum, og eru verkefnaskil yfirleitt reglubundin og í formi ritgerða, rauntengdra verkefnaúrlausna, myndasýninga, flutnings, eða einhvers konar samblands af þessu.

Hver listgrein krefst sérhæfðs náms. Þetta veldur því að hlutfallslega miðað við nemendafjölda verður skólinn að bjóða upp á margfalt fleiri námskeið en þyrfti ef listgreinarnar væru færri. Skipulag námskeiða tekur mið af viðfangsefninu hverju sinni, sum námskeið eru þétt og vara stutt, á meðan önnur eru gisnari og teygjast yfir lengri tímabil. Í skipulagi námsins þýðir þetta að í kennsluskránni verður að vera nægilegur sveigjanleiki til að rýma ólíkt skipulag og tímaröðun, og jafnframt að vera innra samræmi sem gerir kleift að nýta sem best möguleika til samlegðar á milli brauta og deilda.

Námsmat fer eftir eðli og samsetningu hvers námskeiðs. Í langflestum tilfellum er þó um að ræða mat á verkefnum eða einhvers konar sýningum eða flutningi. Niðurstöðurnar eru þá birtar í formi utanaðkomandi munnlegra eða skriflegra, auk þess að nemendur fá einkunnir. Í stærri verkefnum eru fengnir utanaðkomandi sérfræðingar til að yfirfæra verkin, veita umsagnir, og dæma um gildi þeirra. Í fræðináminu er oftast krafist ritgerða til námsmats, en aðrar birtingarmyndir koma einnig til greina. Hefðbundin skrifleg próf heyra til undantekninga í námi í Listaháskólanum.

Lokaverkefni til prófgráðu telst mikilvægur endapunktur í námi hvers nemanda. Verkefnin eru sýnd eða kynnt opinberlega, og fagfólki og öllum almenningi boðið að sjá eða heyra. Útskriftarsýning myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar telst til stærri viðburða í íslensku menningarlífi, og sýningar leiklistar- og dansnemenda, tónleikar tónlistarfólksins, og tiskusýning fatahönnunarnema, eru afar fjölsóttir viðburðir sem setja mark sitt á menningarlífið í borginni á hverju vori. Kynningar listkennslunemendanna hafa jafnframt dregið að sér athygli vegna fjölbreyttrar framsetningar og ólíkra viðfangsefna. Mat á útskriftarverkefnum er falið utanaðkomandi prófdómurum og prófnefndum, sem oftast en ekki koma erlendis frá, ýmist úr öðrum listaháskólum eða úr atvinnulífi viðkomandi greinar.

Húsnæði skólans tekur mið af eðli náms í hverri listgrein og er þannig skipulagt að það styðji sem best við kennslu skólans í samræmi við kennslustefnu hans. Um er að ræða vinnustofur, heimasvæði nemenda, æfingaherbergi, dansstúdíó, leikhús, tónlistarsali, upphengirými, sýningarsali, hljóðver, ljósmyndastúdíó, prentverkstæði, trésmíðaverkstæði, vídeóver, líkamsþjálfunarsali, kennslustofur fyrir fræðináám, fyrirlestrarsali, fyrir utan svo bókasafn og mötuneyti í þremur byggingum, skrifstofur stoðsviða, aðstöðu fyrir kennara, og alla þá fjölbreyttu aðstöðu sem venjulegt háskólastarf krefst.

Áform skólans um sérhannaða nýbyggingu fyrir skólann hafa frestast um óákveðinn tíma, en þau byggja á ítarlegri þarfagreiningu sem tekur mið af þörfum skólans til framtíðar og möguleikum hans til samnýtingar og samlegðar á milli greina. Til grundvallar liggur samningur skólans við ríkið um húsnæðisframlög, og viljayfirlýsing borgarinnar, ríkisins og skólans um staðsetningu skólans í miðborg Reykjavíkur. Niðurstaða í tveggja þrepa opinni samkeppni um hönnun nýbyggingar var kynnt sumarið 2008. Verðlaunatillagan hefur verið ítarlega kynnt fyrir stjórnvöldum og almenningi.

Búnaður til kennslu er jafn fjölbreyttur og námið sem er í boði. Auk véla og tækja á verkstæðum býr skólinn yfir búnaði fyrir leiksýningar (hljóðkerfi, ljósabúnaður, o.fl.) og myndverkasýningar, hljóðfærum til kennslu og tónlistarflutnings (s.s. flyglar og píanó), prentbúnaði fyrir hvers konar prent (grafísk hönnun, þrívíð hönnun, myndlist), búnaði til kennslu í ljósmyndun (filmur og starfræn), og búnaði til þrykks og fatagerðar. Allur þessi búnaður krefst viðhalds og endurnýjunar. Umsjón með verkstæðum og sérbúnaði deilda er í höndum sérstakra umsjónarmanna og tæknimanna, en tölvusvið skólans hefur umsjón með almennum tæknibúnaði sem nýtist fyrir skólann í heild.

Skólinn nýtir sérstakt nemendaskráningarkerfi (*MySchool*) sem jafnframt er innri vefur skólans. Kerfið veitir allar helstu upplýsingar um námið sem nemandi þarf á að halda svo sem stundaskrár, einkunnir, verkefnaskil, kennsluefni, og tilkynningar. Gefnar eru út handbækur fyrir nemendur og kennara þar sem birtar eru allar helstu upplýsingar um skipulag kennslu, kröfur um framvindu náms, ástundun og mætingu, námsmat, einkunnakvarða, lokaverkefni, kennslumat, brautskráningu, réttindamál nemenda og aðgengi að nefndum og ráðum, fundi með stjórnendum, umgengni um húsnæði og búnað, og helstu upplýsingar um deildir, þjónustu, stjórnsýslu skólans, og alþjóðlegt samstarf.

Kennsluskrá skólans er í sífelldri endurnýjun, og sérstök kennsluskárnefnd hefur reglubundið eftirlit með því að upplýsingar þar séu fullnægjandi og rétt skráðar. Skólinn birtir formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður fyrir hverja námsbraut sem skólinn býður upp á. Þar er lýst þeirri þekkingu, hæfni og færni sem nemendur eiga að ráða yfir við námslok. Skólinn er aðili að fjölþættu alþjóðlegu samstarfi sem m.a. felur í sér nemendaskipti á milli sambærilegra menntastofnana og gagnkvæma viðurkenningu náms. Nemendaskiptin auka á fjölbreytni námsins og gerir nemendum og kennurum kleift að kynna sér nýjar aðstæður og ný viðhorf í kennslu og þróun náms.

2.2 Deildir og námsbrautir

Starfsemi Listaháskólans er skipulögð í fimm deildir. Námsbrautir eru alls sautján, þar af eru þrettán á bakkalárstigi og fjórar á meistarástigi:

- **Myndlistardeild, stofnuð 1999**
Í myndlistardeild er boðið þriggja ára nám til BA gráðu, 180 ECTS.
- **Leiklistar- og dansdeild, stofnuð 2000**
Leiklistar- og dansdeild býður upp á nám á þremur brautum: *leikaranám* til BA gráðu (180 ECTS), *samtímadans* til BA gráðu (180 ECTS), og *fræði & framkvæmd* til BA gráðu, 180 ECTS.
- **Hönnunar- og arkitektúrdeild, stofnuð 2001**
Í hönnunar- og arkitektúrdeild er boðið upp á nám á fjórum brautum: *arkitektúr* til BA gráðu (180 ECTS), *fatabönnun* til BA gráðu (180 ECTS), *grafísk hönnun* til BA gráðu (180 ECTS), og *vörubönnun* til BA gráðu (180 ECTS).
- **Tónlistardeild, stofnuð 2001**
Tónlistardeild býður upp á nám á fimm brautum: *hljóðfæraleikur/söngur* með diplóma á bakkalárstigi (80 ECTS), og til BMus gráðu (180 ECTS), *skapandi tónlistarmiðlun* til BA gráðu (180 ECTS), *tónsmíðar* til BA gráðu (180 ECTS), *meistaránám í tónsmíðum* til MA gráðu (120 ECTS), og *meistaránám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi* (samevrópskt nám) til MMus gráðu (120 ECTS).
- **Listkennsludeild, stofnuð 2009**
Í listkennsludeild er boðið upp á þverfaglegt listkennslunám til starfsréttinda á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þ.e. *meistaránám í listkennslu* til MArtEd gráðu (120 ECTS), og *meistaránám í listkennslu* til MA gráðu (120 ECTS). Fyrir nemendur með meistaraþróf í listgrein er jafnframt í boði 60 eininga diplómanám til starfsréttinda á framhaldsskólastigi.

Listaháskólinn hefur unnið að undirbúningi að stofnun tveggja nýrra námsbrauta á meistarástigi. Um er að ræða meistaránám í myndlist (120 ECTS), og meistaránám í hönnun (120 ECTS). Ennfremur er í undirbúningi stofnun meistaránáms í leiklist, arkitektúr, og í hljóðfæra- og söngkennslu

Helstu áherslur við mótun meistaranámsins eru eftirfarandi:

- rannsóknir, miðlun og sköpun
- að byggja á sérstöðu skólans og fagþekkingu kennara
- að skerpa sérstöðu hverrar listgreinar
- að nýta sóknarfæri fyrir þverfaglegt nám
- samstarf við lista- og menningarstofnanir og fyrirtæki skapandi greina
- þátttaka í samfélagslegum verkefnum
- landið allt sem vettvangur listnáms og kennslu
- að leita í sjóði íslenskrar arfleifðar.

Áætlun um þróun á fjölgun nemenda í meistaranámi liggur fyrir og hefur verið kynnt stjórnvöldum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda á meistarastigi verði um 150 haustið 2017.

Jafnframt eflingu meistaranáms leggur Listaháskólinn áherslu á að þróa bakkalárnámið enn frekar, bæði með fjölgun nemenda og stofnun nýrra námsbrauta og deilda. Áform um stofnun náms í kvikmyndalist hafa verið í undirbúningi allt frá 2004, og gerir skólinn ráð fyrir að í stefnumótun stjórnvalda um nám í kvikmyndalist á framhaldsskólastigi og háskólastigi, sem nú fer fram, verði tillögur skólans settar í brennipunkt. Ennfremur liggja fyrir útfærðar tillögur um stofnun náms í ljósmyndun innan hönnunar- og arkitektúrdeildar.

Í stefnumótun skólans er gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda í bakkalárnámi verði í lok stefnutímabilsins um 430.

Um er að ræða stefnumótun skólans sem ráðuneytið hefur ekki tekið formlega afstöðu til.

2.3 Framvinda og ástundun náms

Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. Miðað er við að hann ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri.

Bakkalárnám: Námsframboð miðast við að nemandi fái viðurkenndar að hámarki 72 einingar fyrir eitt skólaár, en þó ekki fleiri en 210 einingar alls á öllum námstímanum. Nemandi flyst ekki á milli ára ef 12 eða fleiri einingar vantar upp á námsárangur hans á námsárinu. Listaháskólinn viðurkennir nám á bakkalárstigi úr öðrum háskólum að hámarki 60 einingum. Samfelldur hámarksnámsstími má lengstur vera eitt skólaár umfram áætlaðan námstíma. Skólinn gerir kröfu um fulla mætingu nemenda í kennslu, og ber kennurum að hafa yfirlit yfir ástundun nemenda og skrá mætingu þeirra.

Meistaránám: Námsframboð miðast við að nemandi fái viðurkenndar að hámarki 66 einingar fyrir eitt skólaár, en þó ekki fleiri en 132 einingar alls á öllum námstímanum. Samfelldur hámarksnámsstími má lengstur vera eitt skólaár umfram áætlaðan námstíma. Í listkennsludeild má hámarkstíminn vera tvö ár umfram áætlaðan námstíma. Um ástundun náms á meistarastigi gildir það almennt að nemendur taki fullan þátt í starfi námsbrautarinnar og séu virkir þátttakendur hvort sem er í hópa- eða einstaklingsstarfi.

Aðalútskrift Listaháskólans fer fram að vori sem næst mánaðarmótum maí /júní. Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að geta útskrifast við aðalútskrift geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Brautskráning að hausti fer fram um miðjan september og brautskráning að vetri fer fram um miðjan janúar.

2.4 Námsmat og lokaverkefni

Megintilgangur námsmats er að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi. Einnig felst í því staðfesting skólans um að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu og færni á tilteknu sviði. Kennarar standa fyrir námsmati og eru ábyrgir fyrir því, en hver deild ræður tilhögun prófa og verkefnaskila. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Til verkefna teljast m.a. ritgerðir, skýrslur, tónleikar, hvers konar listsköpunarverkefni og rannsóknir tengdar þeim.

Lokaverkefni í listnámi eru ýmist flutt á leik- og danssýningum, á tónleikum, listsýningum, tískusýningum eða með öðrum þeim hætti sem tíðkast í listum. Útskriftarviðburðir skólans eru opnir almenningi og eru þeir orðnir fastir viðburðir á vorin í menningarlífi höfuðborgarinnar. Sem hluti af lokaverkefni skrifa nemendur ritgerð, sem byggir á eigin rannsókn, ýmist efni sem tengist sjálfu útskriftarverkefninu eða stendur sjálfstætt. Í listkennsludeild flytja nemendur útskriftarverkefni sín með þeim hætti sem tekur mið af eðli viðkomandi verkefnis. Þar getur ýmist verið um að ræða ritgerð, fyrirlestur, viðburð, eða sýningu, eða sambland af öllum þessum þáttum. Útskriftarverkefni eru kynnt í sérstökum sýningarskrám skólans sem dreift er til almennings. Við mat á lokaverkefni til bakkalárgráðu er skipuð dómnefnd eða utanaðkomandi prófdómari. Í dómnefnd er a.m.k. einn utanaðkomandi prófdómari sem er formaður nefndarinnar. Mat á lokaverkefni til meistara-gráðu er í höndum sérfróðs utanaðkomandi prófdómara, eða dómnefndar sem samanstendur af a.m.k. tveimur sérfróðum og utanaðkomandi aðilum. Gefnar eru út sérstakar reglur um störf dómnefnda og prófdómara.

2.5 Starfsfólk og kennarar

Starfsmenn Listaháskólans eru flokkaðir eftir því hlutverki sem þeir gegna innan skólans. Annarsvegar er um að ræða starfsmenn stöðsviða og hins vegar kennara. Skólaárið 2011 til 2012 er skipting þannig að starfsmenn stöðsviða fylla alls 31,55 stöðugildi, fastir kennarar 44,16 og stundakennarar sem svarar til 18 stöðugilda, eða alls 93,71 stöðugildi. Miðað við 404 ársnemendur þá er hlutfall fjölda starfsmanna miðað við hlutfall fjölda nemenda þannig, að tæplega eitt stöðugildi er fyrir hverja fjóra nemendur skólans.

Kennarar eru ýmist fastráðnir kennarar eða stundakennarar. Fastráðnir kennarar eru annars vegar kennarar sem ráðnir hafa verið eftir reglum um ráðningu akademískra starfsmanna og hafa fengið hæfisdóm sérskipaðrar dómnefndar, þ.e. *prófessorar, dósentar, og lektorar*, og hins vegar *aðjúnktar*, sem ráðnir eru af rektor í samráði við viðkomandi deildarforseta til skilgreindra verkefna innan deildar.

Fagstjórar námsbrauta fara með umsjón námsbrauta og geta þeir ýmist verið úr hópi *prófessora, dósentar, lektora*, eða *aðjúnkta*. *Fagstjórar fræðigreina* skipuleggja og hafa umsjón með fræðikennslu innan viðkomandi deildar, og geta þeir ýmist verið úr hópi *prófessora, dósentar, lektora*, eða *aðjúnkta*.

Skólaárið 2011-2012 er skipting kennara þannig, að fastráðnir kennarar fylla 39,16 stöðugildi, deildarforsetar 5, og stundakennarar 18 stöðugildi. Hlutfall stundakennara er þannig tæplega 32%.

Um störf og skyldur kennara gilda sérstakar skilgreiningar sem birtar eru á innra vefsvæði skólans.

Akademísk stöðugildi	Prófessorar/ Deildarforsetar	Dósentar	Lektorar	Aðrir akademískir starfsmenn*	Samtals
Myndlist	3		1	4,05	8,05
Leiklist og dans	2		2	3,61	7,61
Tónlist	3		1	10,55	14,55
Hönnun og arkitektúr	3		3	5,45	11,45
Listkennsla	1		1	0,50	2,5
Samtals	12		8	24,16	44,16

* Aðrir akademískir starfsmenn: Aðjúnktar, nýdoktorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar við kennslu og/eða rannsóknir. Stundakennarar ekki taldir með.

	2012
Fjöldi ársnemenda á hvert akademískt stöðugildi – Allir akademískir starfsmenn	9
Fjöldi ársnemenda á hvert akademískt stöðugildi – Aðeins lektorar, dósentar og prófessorar/deildarforsetar (e. core faculty)	34

Varðandi mat á menntun og hæfi kennara hafa listaháskólar mikla sérstöðu gagnvart öðrum háskólum. Doktorsgráður eru sjaldgæfar enn sem komið er og eru ekki sá viðmiðunarkvarði sem þær eru í mati á háskólakennurum á öðrum fræðasviðum. Hins vegar er þess almennt krafist í listaháskólum að kennarar hafi meistara-gráðu á því sviði sem sérhæfingin er. Árangur listamannsins er metinn af því hvað hann hefur afrekað í

sinni grein, hvort sem það er tónlistarflutningur, tónsmíðin, myndverkið, kvikmyndin, mannvirkið, hönnunin, leikverkið, eða dansinn.

Stefna Listaháskólans er að hafa á að skipa fámennum en góðum kjarna af fastráðnum kennurum. Þeir skulu vera starfandi listamenn eða fræðimenn og hafa náin tengsl við listalíf í landinu. Ráðningar þeirra taka mið af samsetningu námsins og störf þeirra eru skilgreind eftir því. Í listnámið ræður skólinn til starfa listamenn, sem hafa skarað fram úr í sinni grein og hafa sýnt í verkum sínum að þeir hafi til að bera listrænan þroska og afburða hæfileika. Í fræðináminu er horft til þess að kennarar hafi djúpa listfræðilega þekkingu og hafi sannað sig sem sjálfstæðir vísindamenn á viðkomandi sviði. Þá ræður skólinn til sín fjölda stundakennara og sérfræðinga sem falin eru afmörkuð verkefni innan kennsluskrár skólans. Með því móti telur skólinn sig efla enn frekar tengslin við hið lifandi lista- og menningarlíf utan stofnunarinnar.

2.6 Rannsóknir

Akademískir starfsmenn Listaháskólans leggja stund á rannsóknir og þróun (R&Ð) í krafti sérfræðiþekkingar og faglegar hæfni, með áherslu á samstarf og tengsl við menningar- og atvinnulíf. Listaháskólinn telur mikilvægt að hlutverk hans í rannsóknum og þróun eflist á komandi árum, og grunnframlög til hans verði sambærileg við þau sem háskólar á öðrum fræðasviðum njóta.

Rannsóknastefna skólans miðar að því að stuðla að uppbyggingu þekkingar á þeim sviðum sem skólinn starfar og stuðla að virkri miðlun til samfélagsins. Frá árinu 2007 hefur Listaháskólinn unnið markvisst að uppbyggingu R&Ð á þremur megin sviðum: listum, hugvísindum og menntavísindum. Í hugvísindum og menntavísindum leggur skólinn áherslu á rannsóknir í tónlistarfræði, listfræði, menningarfræði, hönnunarfræði, leiklistarfræði, dansfræði og kennslufræði listgreina. Á sviði lista leggur skólinn áherslu á listrannsóknir, sem fela í sér samþættingu listsköpunar og akademískra rannsóknaraðferða. Listrannsókn felur í sér það markmið að geta af sér nýja þekkingu eða skilning á umhverfi listamannsins í gegnum sköpunarferlið sjálft, þar sem afrakstur birtist í tilteknu listformi (t.d. tónlist, dansi, leiklist, hönnun, kvikmyndagerð, myndlist, gjörningi, arkitektúr eða manngerðu umhverfi) ásamt skrifaðri ritgerð, þar sem fræðilegri vinnu er gerð sérstök skil.

Með því að renna styrkum stoðum undir þennan starfsþátt vill skólinn efla þekkingu á skapandi greinum og hlutverki þeirra í samfélaginu, auka fjölbreytileika og opna nýjar leiðir í listsköpun auk þess að styrkja þátt lista í þekkingarsköpun samfélagsins. Sérstök áhersla er lögð á að byggja upp rannsóknatengt nám á meistarastigi og efna til aukins samstarfs við aðrar háskólastofnanir hér á landi sem erlendis. Þá er það sérstakt forgangsverkefni að tryggja opinbert fjármagn til R&Ð, svo fagleg starfsþróun og virkni kennara megi þrífast, sem og flæði milli kennslu og rannsókna sem nauðsynlegt er allri háskólastarfsemi.

Skólinn starfrækir rannsóknþjónustu (frá 2007) í því markmiði að styðja við akademíska starfsmenn og nemendur skólans, s.s. með því að aðstoða við fjármögnun rannsóknarverkefna og veita ráðgjöf varðandi umsóknarskrif í opinbera samkeppnissjóði. Þá gegnir hún því hlutverki að miðla afrakstri R&Ð auk þess að hafa umsýslu með styrktarsjóðum skólans. Með tilkomu rannsóknþjónustunnar og endurskoðaðri akademískri stefnumótun í heild hefur skólinn unnið að styrkingu innviða með því að formgera ferli er lúta að R&Ð.

Stofnsettur hefur verið gagnagrunnur fyrir skráningu á afrakstri akademískra starfsmanna, unnið er að þróun mælikvarða fyrir mat á afrakstri, og komið hefur verið á fót styrktarsjóðum til eflingar akademískrar starfsemi, eins og Starfsþróunarsjóði Rannsóknarsjóði og Útgáfusjóði. Þá hefur akademískum starfsmönnum fjölgað hægt en örugglega, og þeim gert kleift að einbeita sér að listsköpun sinni og rannsóknum með rannsóknarþætti sem hlutfall af starfi og rannsóknarleyfum.

Skólinn hefur hingað til ekki fengið sérstök framlög til R&Ð önnur en þau sem fara til reksturs rannsóknþjónustu. Skólinn nýtir að meðaltali 13% af heildarvinnustundum akademískra starfsmanna í rannsóknar- og þróunarstarfsemi, veitir reglulega rannsóknarleyfi og starfrækir innri styrktarsjóði og skipuleggur reglubundinn vettvang til umræðu um R&Ð á fræðasviðinu *listir*.


Hlutfall heildarvinnustunda til R & Ð:

	Hönnun og arkitektúr	Leiklist og dans	Listkennsla	Myndlist	Tónlist
2009-10	21%	9%	0%	23%	14%
2010-11	16%	10%	8%	19%	12%
2011-12	15%	12%	11%	26%	18%

(Deildarforsetar hafa ekki skilgreindan rannsóknarþátt)


1. janúar 2012 störfuðu 34 kennarar með skilgreindan rannsóknarþátt, og gera þeir grein fyrir vinnu sinni og afrakstri með skráningu í sérstökum gagnagrunni skólans. Opinn aðgangur er að upplýsingum í gagnagrunninum, sem miðlað er á heimasíðu skólans Þar eru skráð öll þau sjálfstæðu verkefni sem falla undir R&Ð og þeim skipað í fjóra megin flokka; *listir, rannsóknir, útgáfu og tengsl við samfélagið*. Undir flokkinn *listir* falla *arkitektúr, fatahönnun, grafísk hönnun, leiklist, listdans, myndlist, tónflutningur, tónsmíðar, vörubönnun*. Í flokkinn *rannsóknir* eru skráðar *listrannsóknir, hugvísindi, og menntavísindi*. Í *útgáfu* eru skráðar bækur, tímaritsgreinar, bókarkaflar, handrit, nótur, hljóðritanir, rafræn útgáfa, mynddiskar, skýrslur, sýningarskrár, ritdómar, námsritgerðir (MA, PhD) og bókverk. Í flokkinn *tengsl við samfélagið* eru skráð erindi og fyrirlestrar, þátttaka í opinberri umræðu, dómnefndarstörf, sérfræðiálit, verkefnastjórnun, nýsköpun í kennslu og miðlun, seta í nefndum, stjórnnum og ráðum; skipulagning listviðburða og ráðstefna. Að hausti boðar rektor viðkomandi kennara ásamt með deildarforseta á sérstakan fund þar sem farið er yfir afrakstur nýliðins starfsárs.

Fjöldi færsla í gagnagrunn R&Ð frá upphafi skráningar



(Skráningu fyrir 2010 - 2011 er ekki lokið fyrr en í september).

Fjöldi færsla í gagnagrunn R&Ð eftir fagsviðum árið 2010



2.7 Nemendur

Nám í Listaháskólanum er sérhæft nám sem byggir á löngum undirbúningi nemandans áður en hann hefur nám við skólann. Undirbúninginn fá þeir í langflestum tilvikum í sérhæfðum listaskólum eða á sérhæfðum brautum innan grunn- og framhaldsskólakerfisins. Oftast hafa nemendur stefnt að háskólanáminu í langan tíma og hafa skipulagt undirbúning sinn eftir því.

Sú almenna krafa er að umsækjendur um bakkalárnám skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Að öðru leyti er við inntöku tekið mið af frumgerðu efni sem nemendur senda inn með umsóknum sínum og/eða frammistöðu þeirra á inntökuprófum. Umsækjendur um meistaranám skulu hafa lokið bakkalárprófi eða sambærilegu námi. Við valið er tekið mið af umsóknum, greinargerðum og faglegri reynslu, auk mati á frumgerðu efni. Viðtöl við umsækjendur eru á báðum stigunum mikilvægur þáttur í inntökuférlinu. Val á umsækjendum er í höndum sérskipaðra dómnefnda, og er úrskurður þeirra endanlegur.

Mikil samkeppni ríkir um að komast í nám við Listaháskólann, og verður skólinn að hafna fjölda umsækjenda sem þó uppfylla almennar kröfur um skólavist og hafa langan undirbúning að baki. Greiðslur hins opinbera til skólans byggja á nákvæmum skilgreiningum á fjölda nemendasæta í hverri námsbraut og miðast inntakan við það. Aðsókn er misjöfn eftir brautum en í heildina hefur hlutfall fjölda umsókna gagnvart fjölda nemenda sem fá skólavist verið á síðustu árum á bilinu 1:4 til 1:5.

Fjöldi nemenda á hverri námsbraut er stöðugur þótt um innbyrðis tilfærslur geti verið að ræða á milli námsára. Brottfall er lágt og miðast skilvirkni við að nemendur ljúki námi sínu á ekki lengri tíma en sem nemur einu námsári umfram áætlaðan námstíma. Hlutfall karla og kvenna í nemendahópnum helst stöðugt, eða um 2/3 konur og 1/3 karlar. Allt nám við Listaháskólann er staðnám.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda nemenda sem stunda nám við skólann haustið 2011 eftir deildum, og fjölda ársnemenda miðað við þreyttar einingar almanaksárið 2011.

Deild	Fjöldi nemenda	Ársnemendur
Myndlist	80	76
Leiklist og dans	40	54
Tónlist	83	75
Hönnun og arkitektúr	161	157
Listkennsla	41	42
Samtals	405	404

Skiptinám er mikilvægur þáttur í náminu og byggir á gagnkvæmum samningum á milli sambærilegra menntastofnana og gagnkvæmri viðurkenningu náms. Hlutfall nemenda skólans sem nýta sér þennan möguleika er um 10% af heildarfjölda. Um svipað hlutfall er að ræða hvað varðar erlenda skiptinema sem stunda tímabundið nám við skólann. Umsóknir um skiptinám hér eru talsvert fleiri en skólinn getur orðið við. Skólinn hefur nú þegar undirritað gagnkvæma samninga um skiptinám við um 120 háskóla í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Kanada.

Áhugi erlendis frá á námi við skólann fer vaxandi þó svo umsækjendum sé gert ljóst að til að stunda fullt nám við skólann verði þeir að kunna íslensku. Nám í listsköpun á meistarastigi verður alþjóðlegt og er enskan megin kennslutugumálið. Kveðið er á um notkun tungumáls í kennslu í *málstefnu* skólans.

Listaháskólinn lítur á það sem mælikvarða á hæfni skólans til menntunar hvernig nemendum hans vegnar á sviði lista í bæði þjóðlegu og alþjóðlegu samhengi. Skólinn gerir reglubundnar kannanir á afdrifum nemenda þar sem koma fram upplýsingar m.a. um hvernig nám þeirra við Listaháskólann hefur nýst þeim, hver sé staða þeirra í störfum og á vinnumarkaði, og um framhaldsnám. Jafnframt er aflað upplýsinga um hvernig þessir fyrrverandi nemendur meta að skólinn standi sig sem mennta- og menningarstofnun. Upplýsingar úr þessum könnunum eru mikilvægur þáttur í gæðastarfi skólans.

Skólagjöld við Listaháskólann eru þau sömu fyrir alla nemendur. Ekki hefur verið gerður þar munur á þótt ljóst sé að mjög mismunandi er eftir brautum hversu miklu þarf að kosta til. Miðað er við að gjöldin séu hófleg og ekki það há að þau mismuni nemendum til náms. Síðustu árin hafa skólagjöldin tekið breytingum m.v. verðlagsþróun. Með stofnun heildstæðs meistaranáms haustið 2012 verður tekin afstaða til skólagjalda fyrir meistaranám. Skólagjöldin eru kr. 350 þús. fyrir skólaárið 2011 - 2012.

Með fyrirætlunum skólans um stofnun nýrra námsbrauta er áætlað að nemendum skólans fjölgi í tæplega 600, þar af verður um fjórðungur nemenda á meistarastigi. Með þessari samsetningu nemendahópsins breytist menning skólans með þeim hætti að rannsóknir og listsköpun verða ríkari þáttur í öllu starfi en nú er og skólanum gefast aukin tækifæri til frumkvæðis í nýsköpun og þróunarstarfi. Þá veitast skólanum fjölbreytt tækifæri til samstarfs við systurskóla erlendis og þátttöku í fjölbjóðlegum verkefnum á sviði lista og skapandi greina.

3 Áherslur í daglegu starfi

3.1 Samvinna og samkeppni

Listaháskólinn hefur þá sérstöðu að vera eini háskólinn á Íslandi með viðurkenningu á fræðasviði *lista*. Þannig eru þær námleiðir sem skólinn býður upp á ekki í boði annars staðar. Undantekningin frá þessu er listkennslan, sem einnig er í boði í Háskóla Íslands og í Háskólanum á Akureyri, þótt á allt öðrum forsendum sé. Fyrir nemendur sem vilja leggja fyrir sig listir stendur því valið á milli þess að fara í Listaháskólann eða fara í nám erlendis. Þetta setur skólanum þá ábyrgð á herðar að bjóða upp á nám sem stenst fyllilega samanburð við nám í bestu listaháskólum í nágrannalöndunum.

Skólinn hefur átt í margvíslegri samvinnu við aðra háskóla í landinu, þó einkum Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Í námi og kennslu er um að ræða samvinnu myndlistardeildar og hugvísindadeildar HÍ um nám í listfræðum, og ennfremur opnun á milli náms í þjóðfræði í Háskóla Íslands og náms í sjónlistum við Listaháskólann. Samvinna við Háskólann í Reykjavík hefur fyrst og fremst verið á milli hönnunar- og arkitektúrdeildar og viðskiptadeildar í Háskólanum í Reykjavík. Í undirbúningi er sameiginleg námsbraut þessara tveggja skóla þar sem í boði verður nám fyrir hönnuði og tæknimenntað fólk í vörubróun og innleiðingu hönnunar.

Tvö viðamikil verkefni voru sett á laggirnar 2009 sem bein viðbrögð við versnandi atvinnuástandi ungs fólks sem voru bæði rekin í samvinnu við aðra háskóla. Þar var annars vegar um að ræða *Prisma*-verkefnið, sem var þverfaglegt diplómanám rekið í samvinnu við Háskólann á Bifröst, og *Hugmyndabús háskólanna*, sem var vettvangur fyrir þróunarstarf, aktífisma, og samvinnu á hinum ólíku sviðum athafnalífs. Bæði þessi verkefni þóttust takast mjög vel, en bundinn var endir á þau bæði eftir tveggja ára starf vegna fjárskorts. Fyrir Listaháskólann eru þessi verkefni fyrirmynd að því hvernig ólíkir háskólar geta unnið að sama markmiði. Þá er það algengt að Listaháskólinn leiti beint til kennara annarra háskóla um samvinnu, einkum á sviði kennslu, en einnig í sértækari verkefnum, s.s. til setu í dómnefndum um hæfi til kennarastarfa, og til samráðs um uppbyggingu náms og námsbrauta.

Samvinna skólans við lista- og menningarstofnanir er mjög víðtæk og fjölbreytt. Má þar nefna stofnanir eins og Þjóðmínjasafnið, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska dansflokkinn, Nýlistasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Hönnunarsafn Íslands, Hönnunarmiðstöðina, Hönnunarmars, Þjóðlagasetrið á Siglufirði, Menningarmiðstöðina Skaftfell, Caput-hópin, Norræna húsið, Þjóðleikhúsið, og Borgarleikhúsið. Ennfremur við listahátíðir eins og Listahátíð í Reykjavík, Lókal-leiklistarhátíð, Við djúpið – tónlistarhátíð, Raflost- raftónlistarhátíð, og Skálholtstónleika.

Ýmis konar samstarf við sveitarfélög hefur þróast á síðustu árum, og má þar nefna samvinnu við Höfn í Hornafirði, Ísafjarðarbæ, Seyðisfjörð, og Reykjavíkurborg, þar sem t.d. hefur þróast náið samstarf við Borgarskipulag um rannsóknarverkefni sem byggja á greiningu á ólíkum þáttum skipulags og byggðar við ákveðnar götur borgarinnar. Þá eru ýmis samvinnuverkefni, sem teygja anga sína til margra átta, fyrirferðarmikil í starfsemi skólans, s.s. verkefnið *Stefnumót hönnuða við bændur*, og *Vatnavinir*.

Listaháskólinn gefur reglulega út yfirlit yfir samstarfsverkefni sín. Um er að ræða verkefni sem unnin eru með menningarstofnunum og listamönnum, verkefni með lista- og menningarhátíðum, með ríki og sveitarfélögum, með grunn og framhaldsskólum, verkefni með háskólum innanlands og erlendum háskólum, samstarf með fyrirtækjum, og verkefni nemenda styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Skólinn leggur áherslu á aukið samstarf við framhaldsskóla og sérskóla á sviðum lista. Við vinnslu aðgangsviðmiða gefast möguleikar til samþættingar við nýja aðalnámskrá framhaldsskólans.

3.2 Tengsl við atvinnulíf og samfélag

Listaháskólinn er stærsta samfélag lista- og fræðimanna á Íslandi. Þar er vettvangur sérmenntaðs fólks af flestum sviðum lista og þar er sú gerjun hugmynda sem fylgir samskiptum fólks með ríkt ímyndunarafl og sterkar skoðanir. Mikill fjöldi listafólks og sérfræðinga eiga erindi við skólann, hvort sem er í kennslu eða til annarra starfa, og skólinn miðlar þekkingu og upplýsingum til fagfólks og almennings.

Skólinn stendur fyrir fjölda viðburða þar sem koma gestir af ólíkum sviðum samfélagsins, og sýningar skólans eru fjölsóttar og umtalaðar, ekki síst af þeim kynslóðum sem láta sig varða hvers konar nýsköpun og tíðaranda. Þá á skólinn í samstarfi við aðra háskóla í landinu, helstu listastofnanir og ýmis fyrirtæki um viðburði og verkefni af ýmsum toga, og á vegum Opna listaháskólans er boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra um listir og menningu.

Listaháskólinn skilgreinir sig sem *kjarnaskóla* skapandi greina. Skólinn þjálfar og undirbýr fólk til starfa í þessum atvinnuvegi, og skapar umgjörðina og aðstöðuna sem þarf til framþróunar í greinunum sem heild. Til þess að efla þennan atvinnuveg og styrkja hann til nýrrar sóknar er það lykilatriði að efla menntun og rannsóknir í listum, hönnun og tengdum greinum. Með öflugri menntun og auknum tækifærum til sköpunar og rannsókna verður hér til samfélag fræða, tækni og lista sem dregur að hæft fólk af öllum sviðum.

3.3 Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Skólinn er aðili að tveimur viðamiklum samskipta-áætlunum, *Nordplus* menntaáætlun Norðurlandaráðs og *Erasmus LLP* menntaáætlun Evrópu-sambandsins. Báðar þessar áætlanir byggjast á kennara- og nemendaskiptum auk annarra samvinnuverkefna. Listaháskólinn hefur gert tvíhliða samninga við fjölda háskóla í Evrópu á vegum *Erasmus LLP* menntaáætlunarinnar. Innan *Nordplus* er Listaháskólinn þátttakandi í eftirfarandi samstarfsnetum:

- *Kuno*, samstarfsnet 16 myndlistarháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum
- *Cirrus*, samstarfsnet 20 hönnunarháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum
- *NorTeas*, samstarfsnet 18 leiklistarháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum
- *Nordic Academy of Architecture*, samstarfsnet 16 arkitektúrháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum
- *Sibelius/Espansiva*, samstarfsnet 33 tónlistarháskóla á Norðurlöndunum
- *EMD*, samstarfsnet 14 listaháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum á sviði tónlistar og listdans.
- *DAMA*, samstarfsnet 5 listaháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum á sviði nýmiðla og listdans.

Þátttaka Listaháskólans í þessum áætlunum gerir nemendum á 2. og 3. ári kleift að stunda hluta af námi sínu við listaháskóla erlendis. Á bilinu 30-40 nemendur fara í skiptináms ár hvert og svipaður fjöldi erlendra skiptinemenda dvelur í eina eða tvær annir við Listaháskólann árlega.

Kennarar og starfsmenn skólans njóta jafnframt góðs af aðild skólans að *Erasmus* og *Nordplus* áætlunum. Í gegnum áætlanirnar geta þeir sótt um styrki til starfsmanna- eða kennaraskipta til samstarfsskóla Listaháskólans í Evrópu. Fjöldi erlendra gestakennara kenna við skólann á ári hverju til lengri eða skemmri tíma.

Listaháskólinn er með fulla aðild að *ELLA*, *European League of Institutes of the Arts*, samtökum um 320 listaháskóla í 47 Evrópulöndum og nokkrum löndum í Asíu og Norður Ameríku. *ELLA* stendur fyrir ráðstefnum, útgáfu og umræðu um listmenntun meðal listamanna, kennara, stjórnenda og nemenda.

Ennfremur tekur skólinn þátt í *Cumulus*, sem er samstarfsnet 140 hönnunarskóla um allan heim, *EAAE* sem eru samtök rúmlega 100 evrópskra arkitektúrskóla, *AEC* (*Association Européenne des Conservatoires*) sem eru samtök tæplega 250 evrópskra tónlistarháskóla, og *ENCEPA* (*European Network for Continuing Education in Performing Arts*), sem er samstarfsnet sjö Evrópulanda um símenntun í sviðslistum..

Með virkri þátttöku í *Leonardo*-áætlun Evrópusambandsins hefur Listaháskólinn stutt nýútskrifaða nemendur til tímabundinna starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í öðrum Evrópulöndum. Skólinn lítur svo á að með aukinni starfsþjálfun nýútskrifaðra nemenda verði styrkari stöðum skotið undir íslenskt atvinnulíf á sviði skapandi greina.

Við útskrift fá allir nemendur Listaháskólans viðauka við útskriftarskríteini, s.k. *Diploma Supplement*. Viðaukinn er uppsettur samkvæmt samevrópskum stöðlum og felur í sér nákvæma lýsingu á námi viðkomandi nemanda og námsárangri hans á ensku. Viðaukanum er ætlað að auðvelda nemendum aðgang að evrópskum háskólum og evrópskum vinnumarkaði. Staðfest hefur verið að skólinn fái svokallaða *Diploma Label* viðurkenningu Evrópusambandsins formlega afhenta vorið 2012.

Yfirlýsing Listaháskólans um stefnu í alþjóðamálum (*International Policy Statement*) er aðgengileg á heimasíðu skólans.

3.4 Þverfaglegt starf

Listaháskólinn er í uppbyggingu þverfaglegur skóli. Víðast hvar eru listaháskólar sérhæfðir í aðeins einni eða tveimur listgreinum, og telst til undantekninga ef þeir ná yfir fleiri svið. Listaháskólinn nær hins vegar yfir fjórar af fimm helstu listgreinum, og býður auk þess upp á þverfaglegt kennaranám sem nær til þeirra sömu greina. Með stofnun kvikmyndanáms yrði fimmta listgreinin hluti af heildinni. Þessi fjölbreytni skapar skólanum einstaka sérstöðu, sem skólinn getur nýtt sér, m.a. til markaðssetningu náms á alþjóðlegum grundvelli.

Þær takmarkanir eru á því að skólinn geti nýtt sér ávinninginn af þessu skipulagi skólans, að skólinn er dreifður vítt um borg með starfsemi sína. Eðlilegt flæði nemenda á milli námsbrauta og deilda getur aldrei orðið þegar nemendur þurfa að sækja langan veg til að nýta sér kennslu eða aðstöðu sem er annars staðar, og kennarar skólans tengjast ekki þeim böndum sem þeir myndu gera ef þeir allir ynnu á sama vinnustað. Samnýting námskeiða og samnýting starfsfólks fer því alltaf í raun fram með handstýrðum hætti.

Þrátt fyrir ytri aðstæður býður skólinn nemendum upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem nemendur allra deilda geta sótt. Fyrst og fremst er þar um að ræða ýmis konar fræðanámskeið, enda krefjast vinnustofur og þjálfunarnámskeið sérhæfingar sem aðeins þeir hafa sem teknir eru inn á forsendum listgreinarinnar. Þá er það fastur liður að nemendur 2. árs á bakkalárstigi í öllum deildum sækja í byrjun vorannar tveggja vikna samfellt námskeið sem kallað er *Samtal*, sem er skipulagt þannig að nemendum er skipað í 10 manna hópa, þar sem eru nemendur úr öllum deildum, og þeir vinna saman á jafnréttisgrundvelli undir leiðsögn utanaðkomandi leiðbeinanda. Þetta námskeið hefur sérstakan sess innan skólans og hefur verið afar hvetjandi til samvinnu listafólks sem annars hefði ekki tengst saman. Í áformum um heildstætt nám á meistarastigi er haft að leiðarljósi að sem mestrar samlegðar og samnýtingar verði náð.

Fjölmörg verkefni og viðburðir innan skólans krefjast samvinnu nemenda og kennara þvert yfir listgreinar og deildir. Má þar nefna leik- og danssýningar, ýmsa tónlistarviðburði, gjörninga, og samfélagsverkefni. Nemendur eru undantekningarlaust mjög opnir fyrir slíkri samvinnu og óska yfirleitt eftir að meira sé gert.

Stjórnsýsla skólans er almennt miðlæg með þeim hætti að margir sömu starfsmenn stöðþjónustu þjóna mismunandi deildum. Aðeins deildarfulltrúar og þjónustufulltrúar sinna verkefnum sínum innan einnar og sömu deildar, en þeir tilheyra engu að síður sameiginlegri háskólaskrifstofu skólans. Skólinn rekur þrjár veitingastofur, eina í hverri meginbyggingu. Framkvæmdaráð skólans er skipað forsetum allra deilda, auk rektors, framkvæmdastjóra og forstöðumanni háskólaskrifstofu, og þannig eru allar deildir tengdar inn í daglega skipulagningu starfsins og rekstur.

4 Innra starf og gæðastýring

4.1 Gæðastarf

Listaháskólinn kappkostar að efla gæði menntunar og listsköpunar/rannsóknna í samræmi við stefnumið sín. Þetta gerir skólinn með ýmsum hætti, bæði formlega og óformlega. Skýrar reglur eru settar um alla þætti skólustarfsins, samráð stjórnenda skólans, starfsfólks, kennara og nemenda er tryggt með margþættu funda- og viðræðukerfi, upplýsingum er dreift skilmerkilega og eftir ákveðnum leiðum, og náð eftirlit er haft með kennslu og þjónustu sem skólinn veitir.

Helstu verkferlum er lýst í *Gæðahandbók* skólans, og upplýsingum um starfsemina, rétt og skyldur nemenda og starfsmanna, framgang og kröfur, er komið á framfæri í *handbókum* skólans sem endurnýjaðar eru árlega.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu þætti starfsins þar sem með einum eða öðrum hætti fer fram formlegt mat og skoðun á því sem gert er í skólanum. Þáttunum er skipt í fimm meginflokka:

- Stjórnsýsla:** stefna skólans, gæðakerfi, upplýsingagjöf útávið, upplýsingagjöf innan skólans, fjármál og rekstur
- Þróun náms, kennsluskrá og lærdómskröfur:** stofnun deilda og námsbrauta, þróun kennsluskrár og endurnýjun námskeiða, hæfniviðmið (*learning outcomes*), val á kennurum, námsmat
- Rannsóknir og þróun:** rannsóknarstefna, kennarar, nemendur, miðlun og umræða útgáfa og miðlun
- Nemendur:** Inntaka, eftirlit með kennslu og þjónustu, skilvirkni, formleg aðkoma nemenda að stjórnsýslu, kannanir á meðal útskrifaðra nemenda, stuðningur við nemendur
- Starfsfólk:** starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, lýsingar á starfi kennarans, kröfur um menntun og kunnáttu, starfslýsingar, ráðningaferli, stuðningur við starfsfólk, starfsþróun og hvatning, starfsmannaviðtöl.

Hver þáttur er síðan sundurliðaður í undirþætti, og er þannig gefið til kynna hvernig ákvarðanir, framfylgni og eftirlit tengjast í eina heild.

Meðal helstu þátta í gæðaeftirliti skólans er rafrænt kennslumat á öllum námskeiðum, sem boðið er upp á, og reglubundnir fundir deildarforseta og rektors með nemendum hvernar námsbrautar. Fundir deildarforseta með nemendum eru á haustönn, en rektor og helstu forstöðumenn stoðþjónustu skólans funda með þeim á fyrri hluta vorannar.

Listaháskólinn eins og aðrir háskólar á Íslandi vinnur með nýstofnuðu Gæðaráði háskóla og Gæðanefnd háskóla að reglubundnum úttektum á starfseminni í samræmi við 5 ára áætlun. Annars vegar er um að ræða fagúttektir á deildum skólans og svo hins vegar stofnanaúttekt, sem er áætluð skólaárið 2013 – 14.

Frá og með 1. febrúar 2012 er ráðinn að skólanum verkefnisstjóri þróunar og gæðamála.

4.2 Þjónusta

Hlutverk sameiginlegrar stjórnsýslu er að skapa deildum og starfsfólki skólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við skipulagsskrá og reglur skólans. Innan hennar eru eftirtalin stoðsvið: framkvæmdastjóri og fjármálaskrifstofa, háskólaskrifstofa, bókasafn og upplýsingaþjónusta, rannsóknarþjónusta, og tölvu- og vefþjónusta. *Framkvæmdastjóri* veitir fjármálaskrifstofu forstöðu og starfar við hlið rektors og fer með fjármál skólans og eignir í samráði við hann. Rekstur annarra stoðsviða er falinn *forstöðumönnum* og er ábyrgð þeirra og starfsvið skilgreind sérstaklega. Alls voru stöðugildi á stoðsviðum skólans um 30 skólaárið 2010 – 2011.

Framkvæmdastjóri og fjármálaskrifstofa: Undir framkvæmdastjóra og fjármálaskrifstofu fellur umsjón með fjármálum og eignum skólans, þ.m.t. gerð launasamninga, bókhald, rekstur mötuneyta, rekstur húsnæðis og viðhald þess, öryggis- og tryggingamál, og innkaup á búnaði og tækjum. Framkvæmdastjóri fer með yfirstjórn fjármála og eigna skólans í umboði rektors.

Háskólaskrifstofa: Á háskólaskrifstofu fá nemendur og kennarar daglega þjónustu af ýmsu tagi. Þar er haldið utan um alla skráningu á námsferlum nemenda, kennsluskrá, stundaskrár, og úthlutun kennslurýmis. Jafnframt sér skrifstofan um móttöku erinda og almenna upplýsingaþjónustu fyrir skólann. Undir háskólaskrifstofu tilheyra kynningarstjóri skólans, alþjóðafulltrúi og námsráðgjafi. Deildarskrifstofur eru starfrækar í hverri byggingu skólans.

Rannsóknþjónusta: Rannsóknþjónustan hefur það hlutverk að auka veg rannsókna við skólann og þar með stuðla að nýsköpun þekkingar á fræðasviðinu *listir*. Eitt aðalhlutverk hennar er að aðstoða við fjármögnun rannsóknar- og samstarfsverkefna sem unnin eru innan vébanda skólans, auk þess að veita ráðgjöf og leiðbeina við umsóknarskrif og kostnaðaráætlanir í samkeppnissjóði. Rannsóknþjónustan hefur einnig það hlutverk að miðla og kynna þau rannsóknar- og listsköpunarverkefni sem unnin eru innan skólans með því að standa að uppbyggingu gagnagrunns þar að lútandi. Þar að auki aðstoðar rannsóknþjónustan við tengslamyndun og aflar sambanda til samstarfs um rannsóknir í listum, hvort sem er hérlendis eða erlendis.

Bókasafn og upplýsingaþjónusta: Bókasafn Listaháskólans er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem skólinn lætur sig varða. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsfólki skólans, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni upplýsinga um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótnabókum. Einnig að leiðbeina notendum um notkun safnsins og aðstoða þá við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum. Bókasafnið hefur aðsetur í öllum þremur byggingum skólans.

Tölvu- og vefþjónusta: Tölvu- og vefþjónusta veitir nemendum og starfsmönnum alla almenna þjónustu við tölvutækni og hugbúnað, auk þess að sjá um uppsetningu vefsíðu skólans og aðra netþjónustu sem skólinn þarf á að halda. Jafnframt hefur sviðið umsjón með almennum prentunarmálum og viðhaldi sameiginlegs tækjabúnaðar alls skólans. Starfsmenn tölvu- og vefþjónustu hafa fasta viðveru í öllum þremur meginbyggingum skólans.

Mötuneyti: Listaháskólinn rekur veitingasölu í öllum þremur meginbyggingum skólans. Nemendur og starfsmenn fá þar hollan og góðan heimilismat á niðurgreiddu verði. Mötuneytin gegna jafnframt mikilvægu hlutverki í óformlegu samstarfi innan skólans og í kynnum nemenda innbyrðis og starfsfólks.

MySchool kennslukerfið er notað sem nemendaskráningarkerfi og innri vefur Listaháskólans. Kerfið veitir allar helstu upplýsingar um námið svo sem stundarskrár, einkunnir, verkefnaskil, kennsluefni sem tengist hverju námskeiði fyrir sig og einnig tilkynningar.

4.3 Húsnæði og sérhæfð aðstaða

Listaháskóli Íslands er starfræktur á þremur stöðum í Reykjavík: Þverholti 11, Laugarnesvegi 91 og Sölvhólsgötu 13. Alls hefur Listaháskólinn til umráða um 11.500 fermetra húsnæði, sem skiptist svo:

Þverholt 11 – 4.152 fm: aðalskrifstofur, aðalbókasafn, tölvu- og vefþjónusta, hönnunar- & arkitektúrdeild, og mötuneyti.

Laugarnesvegur 91 – 4.463 fm: myndlistardeild og listkennsludeild, deildarskrifstofur, bókasafn, verkstæði, og mötuneyti.

Sölvhólsgata 13 – 2.963 fm: tónlistardeild og leiklistar- og dansdeild, deildarskrifstofur, bókasafn, og mötuneyti.

Sérhæfð aðstaða:

Tónlistardeild: Í öllum kennslustofum tónlistardeildar eru flyglar eða píanó. Sérstakir stólar, nótnastatif og ýmis hljóðfæri er að finna í stofum sem sérstaklega eru atlaðar til samspils. Tónleikasalur með tveimur flyglum tilheyrir deildinni og í tengslum við hann er upptökustúdíó og æfingaaðstaða. Kennslustofur fyrir fræðinámskeið eru sérstaklega útbúnar með hljóðfærum, nótnatöflum og hljómflytningstækjum, auk tækja sem tilheyra fyrirlestrasölum s.s. tölvu, skjávarpa og tjaldi. Í hljóðveri þar sem er aðstaða og búnaður til tónsköpunar og margs konar hljóð- og tónvinnslu. Þá eru til staðar sérútbúin æfingaherbergi þar sem nemendur geta æft á sín hljóðfæri.

Leiklistar- og dansdeild: Leikhús með þeim tækjabúnaði sem því tilheyrir og smíðaverkstæði. Sérútbúinn danssalur með sturtuadstöðu. Leikfimisalur með sturtuadstöðu. Sérbúin leiktúlkunarsalir. Stórar kennslustofur fyrir

einka- og hóptíma í rödd og söng og með búnaði sem tilheyrir, s.s. stórum speglum, hljóðfærum og hljómflokkstækjum.

Hönnunar- og arkitektúrdeild: Nemendur hafa sitt eigið heimasvæði/vinnuaðstöðu; borð með tölvu- og nettengingu í stóru opnu rými. Rýmið er einnig kennslustofa í ákveðnum námskeiðum. Kennslustofur fyrir fræðinámskeið. Tveir fyrirlestrarsalir (tilbúnir apríl 2012). Sérstakar tölvumiðstöðvar með sérhæfðum forritum og vélbúnaði til flóknari vinnslu. Stór rými með sérútbúnum veggjum og lýsingu þar sem nemendur hengja/stilla upp verkum sínum við verkefnaskil fyrir kennarana að fara yfir og meta. Textílværkstæði: Sérútbúið verkstæði fyrir þrykk, sníða- og saumaskap, þrjón, vefnað og annað sem tilheyrir vinnu með fatnað, búninga og textílefni.

Myndlistardeild: Hver nemandi hefur sitt eigið afmarkaða heimasvæði/vinnuaðstöðu í stóru opnu og hráu rými. Rýmið er einnig vettvangur kennslu þegar við á. Kennslustofur fyrir fræðinámskeið. Einn fyrirlestrarsalur. Svæði/rými þar sem nemendur hengja/stilla upp verkum sínum við verkefnaskil fyrir kennarana að fara yfir og meta. Mynd- og hljóðver með sérhæfðum hugbúnaði til mynd- og hljóðvinnslu. Sýningarsalur þar sem nemendur og kennarar setja upp sýningar sem geta verið opnar almenningi.

Værkstæði fyrir nemendur Myndlistardeildar og Hönnunar- og arkitektúrdeildar:

- Ljósmynda- og myndvinnsluver: Þar geta nemendur unnið með filmur, stafræna myndvinnslu og útprentun bæði í lit og svart/hvítu.
- Prentværkstæðið er vel búið tækjum og áhöldum fyrir flestar prentaðferðir.
- Smíða- og mótunarværkstæði fyrir líkanagerð þar sem líka er staðsettur leiðrofn.
- Tré- og járnsmíðaværkstæði þar sem er aðstaða og tæki til að vinna flest verk. Í tengslum við værkstæðin er aðstaða til mótunar og afsteypu.

Fyrir liggur útfærð húsrýmisáætlun fyrir skólustarfsseminna. Áætlunin er miðuð við framtíðaráform skólans um viðbótarnám á næstu árum. Fyrirætlanir skólans um nýbyggingu, þar sem öll starfsemin rýmist á einum stað, hafa ekki komist til framkvæmda þar sem forsendur brustu fyrir framkvæmdinni með bankahruninu haustið 2008. Til grundvallar liggur að ekki hefur fengist úr því skorið hvort og þá hvernig ríkið standi við samning við skólann frá 2007 um húsnæðisframlag vegna nýbyggingar, og enn fremur að sú tillaga sem unnið hefur verið eftir hefur ekki fengið nauðsynlega staðfestingu frá Skipulagsráði borgarinnar.

4.4 Siðferði og ábyrgð

Listaháskólinn starfar eftir þeirri yfirlýstu stefnu að skólinn sé *samfélag nemenda, fræðimanna, kennara og annarra starfsmanna þar sem jafnræði og virðing ríkir í öllum samskiptum*. Enn fremur stendur skólinn að sameiginlegri yfirlýsingu íslenskra háskóla um forsendur og frelsi háskóla sem undirrituð var af rektorum háskólanna þann 15. júní 2005. Í yfirlýsingunni er fjallað um hlutverk háskóla, akademískt frelsi, stjórnun háskóla og fjárhag.

Skólinn hefur markað sér stefnu í ýmsum þáttum starfseminnar. Starfsmannastefna skólans miðar að því að skólinn sé ávalt eftirsóknarverður vinnustaður þar sem vinnur skapandi og atorkusamt fólk sem vill leggja sitt af mörkum til að efla listmenntun, listsköpun og listrannsóknir í landinu. Markmið jafnréttisáætlunar skólans er að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan háskólasamfélagsins og hvetja til virkrar umræðu um jafnréttismál á öllum sviðum. Enn fremur hefur skólinn markað sér stefnu um sértæk úrræði í námi fyrir nemendur sem búa við fötlun, hömlun eða sérþarfir sem geta orðið þeim hindrun í námi. Umhverfisstefna skólans er í undirbúningi.

Listaháskólinn vinnur að setningu sérstakra siðareglna eins og kveðið er á um í lögum um háskóla. Ýmis atriði sem þar falla undir eru samofin reglum skólans, og er meðferð ýmissa álitamála hvað varðar samskipti, umgengi og agamál þar skýrð og ferlin ákvörðuð.

5. Stjórnun, skipulag og fjármál


5.1. Stjórnun og skipulag

Listaháskólinn er sjálfseignarstofnun sem starfar eftir sérstakri skipulagsskrá sem stjórnvöld hafa staðfest. Skólinn hefur viðurkenningu menntamálaráðherra á fræðasviði *lista*, sbr. II. kafla laga um háskóla nr. 63/2006. Starfsemi Listaháskólans er í grundvallaratriðum þrjúgreind:

- Sameiginleg yfirstjórn: Stjórn, rektor, framkvæmdaráð, fagråd, háskólafundur
- Háskóladeildir: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, leiklistar- og dansdeild, tónlistardeild, listkennsludeild
- Stoðsvið / sameiginleg stjórnsýsla: framkvæmdastjóri og fjármálaskrifstofa, háskólaskrifstofa, bókasafn og upplýsingaþjónusta, rannsóknþjónusta, tölvu- og vefþjónusta.

Aðrar stofnanir skólans heyra undir rektor og stjórn.

Skipurit:



Stjórn Listaháskólans fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra tilnefnið tvo menn í stjórnina en þrjú eru kjörnir á aðalfundi Félags um Listaháskóla Íslands. Stjórnin ræður rektor skólans. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu skólans.

Rektor Listaháskólans annast rekstur og stjórn skólans í umboði stjórnar og vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum hans. Hann er ábyrgur fyrir ráðningu starfsmanna og ræður helstu yfirmenn skólans í samráði við stjórn. Rektor er talsmaður skólans út á við.

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans. Ráðið fjallar um sameiginleg málefni deilda og stoðsviða og skipulag skólastarfsins. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Í framkvæmdaráði sitja auk rektors framkvæmdastjóri skólans, deildarforsetar, og forstöðumaður háskólaskrifstofu.

Fagråd er samráðs- og upplýsingavettvangur stjórnenda, kennara og nemenda skólans. Ráðið fjallar um fagleg markmið skólans, frammistöðu skólans og gæði, og veitir rektor og stjórn stuðning við ákvörðunartöku um

akademísk málefni. Í fagráði sitja auk rektors deildarforsetar skólans, fulltrúar fastra kennara skólans, fulltrúar nemenda, og tveir fulltrúar stundakennara.

Háskólafundur er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun, og geta rektor og stjórn leitað umsagna hans um hvað eina er varðar starfsemi skólans og þróun. Fundurinn er opinn öllum kennurum og starfsfólki skólans. Jafnframt er fulltrúum nemenda boðin seta á háskólafundum.

Starfi Listaháskólans er skipað í deildir eftir listgreinum. Stjórn skólans ákvarðar deildaskiptingu og setur deildum starfsreglur. Yfirstjórn hverrar deildar er falin deildarforseta. Í hverri deild starfar deildarráð. Deildarráð deildarforseta til ráðgjafar um fagleg málefni. Auk deildarforseta sitja í ráðinu fastráðnir háskólakennarar deildarinnar, fagstjórar, og fulltrúi nemenda.

Hlutverk sameiginlegrar stjórnsýslu er að skapa deildum og starfsfólki skólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við skipulagsskrá og reglur skólans. Innan hennar eru eftirtalin stöðsvið: framkvæmdastjóri og fjármálaskrifstofa, háskólaskrifstofa, bókasafn og upplýsingaþjónusta, rannsóknarþjónusta, og tölvu- og netþjónusta.

Úrskurðarnefnd fer með æðsta vald í agamálum og réttindamálum nemenda. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa deildarforseta, einum fulltrúa fastra kennara og einum fulltrúa nemenda. Sérstakar reglur gilda um starfsemi nefndarinnar.

Stjórn skólans heldur opinn ársfund þar sem fjárhagur hans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt. Ársskýrsla skólans er kynnt á ársfundi. Stjórn skólans setur reglur um fyrirkomulag fundarins.

Listaháskólinn á aðild að Samstarfsnefnd háskólastigsins sem starfar skv. Lögum um háskóla nr. 63/2006.

5.2 Fjármál

Reikningsár skólans fylgir skólaárinu eða frá 1. ágúst til 31. júlí. Rektor leggur fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar í júní ár hvert. Endurskoðað uppgjör fer fram tvisvar á ári, þ.e. árshlutauppgjör m.v. 31. desember er tilbúið í febrúar og uppgjör reikningsárs liggur fyrir í lok september. Ársreikningur skólans er kynntur á ársfundi, sem venjulegast er haldinn í nóvember.

Markmiðið er að rekstur skólans sé að jafnaði fjárhagslega jákvæður, og þegar afgangur er af rekstri er hann einvörðungu nýttur til styrkingar á starfsemi skólans. **Megináherslur, markmið og framtíðarsýn til 2015**

6 Megináherslur, markmið og framtíðarsýn til 2015

Haustið 2008 var samþykkt ný stefnumótun fyrir Listaháskólann til næstu fjögurra ára. Skólinn var þá í þeirri stöðu að taka næsta stóra skrefið í þróun náms og aðstöðu fyrir skólann. Stefnumótunin var kynnt á sérstökum fundi með menntamálaráðherra og starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis í september 2008.

Við gerð stefnumótunarinnar var tekið tillit m.a. til eftirfarandi þátta: eftirspurn eftir námi, þörfum listalífs og atvinnumarkaðar, möguleikum til samlegðar, þróunar í samstarfsskólum erlendis, breytingum í lagaumhverfi, ábendingum í úttektarskýrslum menntamálaráðuneytis 2007 og 2010, og staðsetningu skólans í hjarta höfuðborgar.

Að mati skólans eru helstu möguleikar hans til þróunar eftirfarandi:

- Stofnun meistaranáms í listum, kennslu, og miðlun.
- Listgreinar: stofnun nýrra námsbrauta, þ.m.t. kvikmyndir, ljósmyndun, og ritlist/skáldskapur.

- Kennsla og miðlun: efling kennaranáms, þ.m.t. á sviði hljóðfæraleiks og söngs, stofnun námsbrautar í sýningarstjórnun, og þróun leiðtoganáms í listum til starfa á vettvangi.
- Fjölmiðlun: þróun náms til starfa fyrir útvarp, sjónvarp, og netmiðla.
- Þverfaglegt listnám sem byggir á ólíkum listformum og tengir saman ólík svið innan samfélagsins, s.k. *Deigla*.
- Efling rannsókna á fræðasviði lista.
- Skólinn og samfélagið: efling Opna listaháskólans, stofnun alþjóðlegs sumarháskóla, og myndun sameiginlegs vettvangs lista, atvinnulífs og akademíu.

Ennfremur lágu fyrir á þessum tíma fyrirætlanir um nýbyggingu skólans á Frakkastígsreit og var áætlað að skólinn væri þar kominn undir eitt þak haustið 2012. Samningar við ríkið um fjármögnun byggingar lágu fyrir og ennfremur viljayfirlýsing skólans, ríkisins og Reykjavíkurborgar um staðsetningu fyrir hina nýju byggingu. Rammasamningur um framkvæmdir hafði verið undirritaður, og teikningar að húsinu lágu fyrir.

Stefnumótun frá 2008 hefur gengið eftir í ýmsum atriðum, en þó ekki í veigamiklum þáttum eins og hvað varðar uppbyggingu meistaranáms og fjölgun námsbrauta á bakkalárstigi. Þá hefur fyrirætlunum um nýbyggingu verið slegið á frest um óákveðinn tíma, en ríki og borg hafa lýst yfir vilja sínum til að taka upp fyrri áætlanir á nýjum grunni.

Listaháskólinn leggur áherslu á að fylgja eftir fyrri stefnumótun og telur, að þótt rof hafi orðið í framkvæmd hennar vegna áfalla í efnahagslífi þjóðarinnar sé full ástæða til að fylgja henni áfram eftir í meginatriðum. Mikilvægustu atriðin eru uppbygging náms, efling rannsókna, aukin tengsl við samfélagið, og áform um byggingu.

Uppbygging náms:

Með stofnun tveggja nýrra námsbrauta á meistarastigi í hönnun og myndlist haustið 2012, til viðbótar við þær brautir sem nú þegar eru starfræktar, verður mikilvægum áfanga náð til þess að skólinn geti boðið upp á heildstætt nám á þessu námsstigi. Fyrir liggja tillögur um uppbyggingu meistaranáms á fleiri brautum og verður áhersla lögð á að útfæra þær nánar og tryggja fjármögnun fyrir rekstri þeirra. Markmiðið er að meistaranámið verði heildstætt og innbyrðis samkvæmt, og endurspegli markmið skólans, gildi, og stefnu.

Listaháskólinn leggur jafnframt áherslu á að auka fjölbreytni náms á bakkalárstigi, annars vegar með stofnun náms í kvikmyndalist og hins vegar með stofnun námsbrautar í ljósmyndun. Þá er mikilvægt að aukið verði við fjölbreytni í tónlistarnáminu með stofnun brautar í rytmískri tónlist og eflingu námsbrautar fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig tónlistarkennslu. Með fjölgun nemenda á bakkalárstigi og aukinni fjölbreytni náms er komið til móts við sívaxandi eftirspurn eftir námi til undirbúnings störfum í ört vaxandi atvinnulífi skapandi greina.

Efling rannsókna:

Listaháskólinn er eini háskólinn á Íslandi með viðurkenningu á fræðasviði *lista*. Skólinn ber þannig ábyrgð á þróun fræðasviðsins innan háskólasamfélagsins og vinnur að framgangi þess í þeim stofnunum sem fara með stefnumótun og ákvörðunarvald fyrir háskólasamfélagið í heild. Skólinn leggur því áherslu á að auka tengsl sín við opinbera stjórnarsýslu, þar sem farið er með málefni nýsköpunar og rannsókna, og vill auka skilning á mikilvægi rannsókna á fræðasviði *lista* innan opinbera sjóðakerfisins. Með eflingu rannsókna eflir skólinn almenna þekkingu á skapandi greinum og hlutverki þeirra í samfélaginu, auk þess að styrkja þátt lista í þekkingarsköpun samfélagsins. Fyrir Listaháskólann er það forgangsmatið að fá aukið fé til rannsóknar- og þróunarstarfs.

Aukin tengsl við samfélagið:

Listaháskólinn á í fjölþættu samstarfi við listastofnanir, fyrirtæki, félög og samtök, sveitarfélög, og einstaklinga vítt og breitt um landið, og er það stefna hans að efla það samstarf enn frekar. Ný tækifæri gefast til þess með útvíkkun meistaranámsins og eflingu rannsókna, og aukin almenn meðvitund um hlut skapandi greina í atvinnulífi þjóðarinnar gefur skólanum aukinn styrk til að sækja fram.

Þá er vaxandi þörf á skipulagðri símenntun fyrir fagfólk og kennara í listum, og getur skólinn þar leikið stórt hlutverk með þeirri fjölbreyttu aðstöðu og búnaði sem skólinn hefur, og með aðgangi að fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem býr innan skólans.

Meðal tækifæra til þróunar á þessu sviði sem skólinn hyggst kanna og nýta sér eru:

- Stofnun samráðsvettvangs skólans, listastofnana, samtaka listamanna og listkennara, og atvinnulífs, þar sem fjallað verður um heildarmálefni lista og menningarlífs, og tengsl menntunar við þróun og nýsköpun á sviði skapandi greina.
- Mótun samninga um einstök samvinnuverkefni á milli skólans, sveitarfélaga, og atvinnulífs á grundvelli s.k. skapandi samstarfs (*creative partnerships*).
- Efling Opna listaháskólans með áherslu á framboð símenntunar fyrir fagfólk, kennara og almenning.
- Stofnun alþjóðlegs sumarháskóla í listum.

Með starfsemi sinni vill skólinn taka virkan þátt í þjóðlífinu og tengja um leið íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista, menningar og atvinnulífs.

Byggingamál:

Listaháskólinn býr við þær aðstæður að hann getur ekki nýtt sér nema að takmörkuðu leyti þá möguleika sem skólinn hefur til þverfaglegs starfs sem fjölbreytni námsins býður upp á vegna skiptingar skólans á mismunandi staði innan borgarlandsins. Þá veldur þessi skipting stóruknum kostnaði við reksturinn þar sem keyra þarf sambærilega starfsemi á mismunandi stöðum og möguleikar til samlegðar og samnýtingar takmarkast mjög.

Allt frá stofnun skólans hafa legið fyrir fyrirheit stjórnvalda um framtíðarhúsnæði þar sem skólinn gæti rýmst á einum stað, og mikill undirbúningur hefur verið unnin við að greina þarfir skólans með tilliti til staðsetningar, skipulags, samnýtingar, tenginga, og félagslegra áhrifa. Í tillögum sérstakrar nefndar á vegum menntamálaráðherra, sem var birt í lok árs 2005, eru tilgreindir mismunandi kostir á eignarhaldi og fjármögnun, og farið yfir fyrirbyggjandi húsrýmisáætlun skólans og hún metin til kostnaðar. Þá liggur fyrir samningur á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skóla um fjármögnun leigu á nýbyggingu dags. 7. maí 2007 og samþykkt borgarráðs um ráðstafanir til að tryggja skólanum byggingalód í miðborginni dags. 10. maí 2007.

Vegna óvissunnar um framtíðarhúsnæði hefur skólinn leitað bráðabirgðalausna svo halda megi skólastarfinu áfram. Engar lausnir hafa þó fundist sem geta fært deildir skólans nær hverri annari en þær eru nú og þannig minnkað það óhagræði sem skapast af skiptingu skólans á mismunandi staði. Með flutningi starfseminnar úr Skipholti í Þverholt er leyst tímabundið úr bráðavandræðum hönnunar- og arkitekúrdeildar og aðalskrifstofu, en einangrun þessarar starfsemi frá annari starfsemi skólans er áfram staðreynd. Vandamál tónlistardeildar og leiklistar- og dansdeildar vegna húsnæðisþrengsla á Sölvhólsgötu eru enn óleyst, og í Laugarnesi er reynt að finna nýju meistaranámi í myndlist stað með samningum við Fasteignir ríkisins um afnot af hluta þess húsnæðis sem enn er þar óinnréttað og nýtt sem geymsluhúsnæði.

Framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi skólans er brýnasta verkefnið sem skólinn stendur frammi fyrir. Í því verkefni vinnur skólinn að því að ríkið, borgin og skólinn verði samstíga í að finna lausn. Fyrri undirbúningur er að mati skólans góður grunnur til að byggja á og þarf ekki mikla endurskoðun á þeim greiningum sem fyrir liggja til að hægt sé að hrinda verkefninu í framkvæmd. Ekki er talið raunhæft á þessum tímapunkti að setja tímabundin markmið um hvenær skólinn getur flutt í nýtt húsnæði.

Önnur mikilvæg viðfangsefni:

- Endurskoðun á stjórnsýslu skólans.
- Skilgreining á kennarastöðum og skipan kennara í akademískar stöður eftir deildum og námsbrautum: heildarmyndin.
- Starfsþróun og símenntun kennara, stundakennara, og starfsfólks stöðsviða.
- Undirbúningur fagúttekta í samræmi við áætlun sem staðfest er af Gæðaráði.
- Höfundaréttur: efla vitund og þekkingu nemenda og kennara á höfundarétti og útfærslu hans, og skilgreina meðferð höfundaréttar í verkefnum innan skólans.

- Réttindamál nemenda: endurskoða ferli og vinnulag í réttindamálum nemenda, efla þátttöku nemenda í stjórnarsýslu skólans.
- Innleiðing og endurskoðun ýmissa stefnumála og viðmiða, s.s. málstefnu, umhverfisstefnu, siðareglna, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlunar.

7 Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og hæfniviðmið

7.1 Samstarf

Listaháskólinn mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun náms og rannsókna við skólann. Eins og fram kemur í þjónustusamningi, verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu skólans. Að auki mun skólinn eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnóðum um mikilsverða áfanga og þær breytingar sem áhrif hafa á starfið.

7.2 Upplýsingagjöf og lykiltölur

LHÍ mun skila öllum þeim gögnum sem óskað er eftir í samningnum.

Við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölulegum gögnum úr skráum hans sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggsta heildarmynd af háskólanum, hvernig hann þróast og hvernig hann er í samanburði við aðra háskóla.

LHÍ mun skila yfirliti yfir lykiltölur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og birta á heimasíðu sinni í samræmi við birtingaráætlun eigi síðar en um mitt árið á eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun jafnframt birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Skilgreiningar og tímamörk lykiltalna eru í vinnslu og gert er ráð fyrir að á fyrsta formlega samráðsfundi aðila verði tekin ákvörðun um val þeirra, skilgreiningar ásamt birtingaráætlun. Í viðauka 6.3 eru drög að lykiltölum sem unnið verður út frá en meginþættir þeirra eru nemendur, starfsfólk, kennsla og rannsóknir, fjárhagur, svæðistenging og mikilvægi, virkni í þekkingaryfirfærslu og alþjóðlegar áherslur. Lykiltölurnar taka fullt tillit til lykiltalna *U-Map* verkefnisins (*European classification of higher education institutions*).

Loks mun LHÍ skila inn frekari upplýsingum til ráðuneytisins er varða starf og árangur skólans, svo sem rannsókn- og kennsluskýrslur.

7.3 Aðgangsviðmið

LHÍ skilgreinir og birtir lágmarkskröfur um aðgangsviðmið nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum við skólann. Við framsetningu aðgangsviðmiða skal tekið mið af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Framsetning annarra aðgangsviðmiða verði unnin í samráði við ráðuneytið. Í viðauka 6.4 eru nánari upplýsingar um forsendur aðgangsviðmiða og hugmynd um innleiðingu þeirra.

Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins munu vera LHÍ til aðstoðar við vinnslu verkefnisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á samfellu milli skólastiga. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla munu framhaldsskólar gera tillögur að uppbyggingu námsbrauta til stúdentsprófs. Eftir umsagnaferli eru þær staðfestar af ráðuneytinu og verða þá hluti af aðalnámskrá. Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að hægt verði að senda tillögur að námsbrautum til stúdentsprófs til umsagnar innan háskólastigsins.

8 Viðaukar

Hér er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi og árangur LHÍ. Námsbrautir og prófgráður LHÍ eru birtar hér m.v. desember 2011 og verða uppfærðar reglulega, ef breytingar verða á námsframboði. Í þeirri sömu endurskoðun verður fyllt inn í helstu lykiltölur og hæfniviðmið.

8.1 Námsbrautir og prófgráður við LHÍ

Deildir Listaháskólans eru fimm, námsbrautirnar fjórtán og þar af ellefu á bakkalárstigi og þrjár á meistarastigi. Í kafla 2.2. er gerð grein fyrir deildum, námsbrautum og prófgráðum skólans.

8.2 Samstarfsskólar

LHÍ er í samstarfi við fjölmargar menntastofnanir og er gerð grein fyrir því á heimasíðu skólans <http://lhi.is/skolinn/althjodlegt-samstarf/samstarfsskolar/>

8.3 Lykiltölur

I. Nemendur

1. Heildarfjöldi nemendaígilda á almanaksári
2. Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu eftir
 - kyni
 - fagsviðum
 - námsstigum
 - nýnemar eftir námsstigum
 - námshlutfalli/ umfangi náms
 - kennsluformi
 - þjóðerni
3. Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu eftir
 - kyni
 - aldri
 - fagsviðum
 - námsstigum
4. Hlutföll
 - Inntökuhlutfall
 - Endurkomuhlutfall (skila sér á 2 námsár)
 - Hlutfall nemenda sem ekki hefur lokið tilsettri námsgráðu eftir ákveðinn tíma (ætlaður tími + 1 ár)
 - Hlutfall nemenda eldri en 30 ára

II. Starfsfólk

1. Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks á almanaksárinu
2. Heildarfjöldi akademískra starfsmanna eftir
 - kyni
 - aldri
 - menntun
 - stöðuheiti
 - starfshlutfalli
3. Annað
 - Fjöldi nemenda á akademíska starfsmenn
 - Skipting kennslu (fastráðnir/stundakennarar)

III. Kennsla og rannsóknir

1. Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann eftir
 - fagsviðum
 - námsstigum
2. Hlutfall útskrifaðra (af öllum stigum) af þrem námsleiðum: almennt nám, nám sem leiðir til starfsréttinda og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir.
3. Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu skipulagðar með
 - innlendum háskólastofnunum
 - erlendum háskólastofnunum
4. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna í ritrýndum tímaritum/bókum á árinu eftir fagsviðum
5. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
6. Fjöldi tilvitnana fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum

7. Fjöldi einkaleyfisumsókna og fenginna einkaleyfa á árinu
8. Fjöldi sprotafyrirtækja stofnuð á árinu
9. Fjöldi rannsóknnaafurða annarra en birtinga í ritrýndum tímaritum og fagtímaritum á akademískt stöðugildi
10. Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum og ritum sem beint er til faghópa og rekja má í gagnagrunnum til einstakra akademískra starfsmanna

IV. Fjárhagur

1. Heildartekjur háskólans á árinu:
 - Heildargreiðsla úr ríkissjóði
 - Heildarupphæð annarra tekna:
 - Heildarupphæð skrásetningar- og skólagjalda (ekki endurmenntunarstarfsemi)
 - Heildarupphæð rannsóknarstyrkja úr innlendum rannsóknasjóðum
 - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr erlendum rannsóknasjóðum
 - Heildarupphæð tekna af annarri starfsemi
 - tekjur af endurmenntun
 - tekjur af þekkingartengdri stafsemi s.s. leyfisgjöld, samstarfs- og styrktarsamningar o.s.frv.
 - tekjur af eignum.
2. Heildarútgjöld háskólans á árinu til
 - kennslu
 - rannsókna
 - annars, s.s. stjórnsýslu, stoðþjónustu, húsnæðis

V. Svæðistenging

1. Fjöldi fyrsta árs nemenda í bakkalár námi (höfðatala) frá svæðinu sem hlutfall af heildarfjölda fyrsta árs bakkalámemenda. Svæði ákvarðast af heimilisfangi nemanda.
2. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist fyrir tveimur árum (viðmiðunarár - 2), sem starfa á svæðinu, sem hlutfall af heildarfjölda brautskráðra frá því fyrir tveimur árum síðan.
3. Heildartekjur af svæðisbundnum og staðbundnum uppruna (bæði opinberir aðilar og einkaaðilar), þ.m.t. allir styrkir, niðurgreiðslur, kennslu- og rannsóknasamningar í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.

VI. Virkni í þekkingaryfirfærslu

1. Fjöldi opinberra sýninga, opinberra tónleika og sýninga, sem er eru skipulagðar af stofnun eða deild innan hennar, sem eru skráðar sem slíkar og eru aðgengilegar fyrir almenning, á 1000 akademísk stöðugildi.
2. Heildartekjur af einkaleyfasamningum, tekjur af rannsóknasamningum við einkaaðila og opinbera aðila, tekjur af höfundaréttindum og tekjur af endurmenntunarstarfsemi (Continuing professional development - CPD) sem hlutfall af heildartekjum.

VII. Alþjóðlegar áherslur

1. Fjöldi nýnema með erlent prófskírteini sem hlutfall af heildar innritun á námsbrautir skólans.
2. Tekjur af erlendum uppruna, þ.m.t. styrkir og samningar um kennslu og rannsóknir, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.
3. Fjöldi innritaðra nemenda í erlendum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.
4. Fjöldi erlendra akademískra starfsmanna (höfðatala) sem hlutfall af heildarfjölda akademískra starfsmanna (höfðatala). Erlendir akademískir starfsmenn eru akademískir starfsmenn með erlent ríkisfang sem starfa hjá stofnun eða starfa á grundvelli skiptiáætlana.
5. Fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.

8.4 Innleiðing aðgangsviðmiða LHI

Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og námsmenn varðandi sérhæft námsval. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 er kveðið á um sérstakar reglur um nám til stúdentsprófs og sérstök ákvæði sett fram um lágmarkseiningafjölda. Reglurnar lúta

meðal annars að hæfniröfum í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði en í viðauka 3 í námsskránni eru birt hæfniviðmið þessara greina. Þar segir að stúdentspróf miði að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námsstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaeiningar. Námslok til stúdentsprófs er í öllum tilvikum skilgreint á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokaviðmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla skal lokið árið 2015. Mikilvægt er að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgengisviðmið.

Innleiðing:

Háskólarnir munu skólaárið 2012/2013 velja sér eitt fræðasvið/deild og vinna skilgreiningu aðgangsviðmið fyrir allar námsleiðir innan hennar. Háskólinn mun halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki. Háskólarnir munu skólaárið 2013/2014 skilgreina aðgangsviðmið fyrir allar deildir og fræðasvið skólans. Hver háskóli mun halda samráðs- og vinnufundi með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki þeirra. Háskólarnir munu í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða viðkomandi skóla. Gert er ráð fyrir að allir framhaldsskólar kenni samkvæmt nýrri námsskrá haustið 2015.

Endurskoðun og viðhald:

Háskólar endurskoða og uppfæra aðgangsviðmið og framhaldsskólarnir endurskoða og uppfæra námsleiðir sínar með reglubundnum hætti.